



Nefndasvið Alþingis
b.t. atvinnuveganefndar
nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 8. febrúar 2016

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, nr. 85/2007 (heimagisting, veitingastaðir án áfengisveitinga, ótímabundin rekstrarleyfi). 457. mál.

Vísað er til frumvarps til laga um breytingu á lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, nr. 85/2007 (heimagisting, veitingastaðir án áfengisveitinga, ótímabundin rekstrarleyfi), 457. mál.

Almennt séð fagna Samtök iðnaðarins (SI) því meginmarkmiði frumvarpsins að einfalda regluverk, afnema leyfisskyldu í tilteknum flokkum og gera rekstrarleyfi ótímabundin.

SI hafa ítrekað bent á hversu flókið og íþyngjandi núverandi kerfi er t.d. fyrir bakarí sem hefur í verslun sinni nokkur borð og býður gestum að neyta vörunnar á staðnum, að þurfa bæði starfsleyfi frá heilbrigðisnefnd og rekstrarleyfi sem veitingastaður. Því telja samtökin ákvæði um að aflétta rekstrarleyfisskyldu veitingastaða í flokki I, þ.e. veitingastaða án áfengisveitinga, til mikilla bóta.

SI hafa ekki hagsmuna að gæta varðandi flokkun og skráningu gististaða og taka ekki afstöðu til ákvæða sem sérstaklega fjalla um þá.

SAMTÖK IÐNAÐARINS

Ragnheiður Héðinsdóttir
Ragnheiður Héðinsdóttir,
Forstöðumaður matvælasviðs

Björg A. Þórðardóttir
Björg Ásta Þórðardóttir,
lögfræðingur